

2010 nr. 155 27. desember**Lög um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki**

Tóku gildi 30. desember 2010. *Breytt með* l. 73/2011 (tóku gildi 28. júní 2011 nema 2. og 5. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 13. gr.), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 164/2011 (tóku gildi 30. des. 2011 nema 1.–2., 4.–5., 7., 15.–21., 24.–27., 29.–30. og 34.–39. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 40. gr.), l. 139/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 9., 13.–14., 16.–17., 22. og 27.–29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 30. gr.), l. 107/2015 (tóku gildi 6. nóv. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 6. gr.) og l. 42/2016 (tóku gildi 3. júní 2016).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Markmið.

□ Markmið þessara laga er tvíþætt, annars vegar að afla rík-
inu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur
á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins, hins veg-
ar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að
leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna þeirrar kerfis-
áhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi
þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarþúð.

■ 2. gr. Skattskyldir aðilar.

□ Skylda til að greiða sérstakan skatt, eins og nánar er kvæð-
ið á um í lögum þessum, hvílir á fjármálafyrirtækjum, sem
hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða
lánafyrirtæki, og öðrum aðilum sem hafa fengið leyfi til að
taka við innlánnum. Skattskylda þessi tekur einnig til útúbúa
erlendra fjármálafyrirtækja sem taka við innlánnum eða hafa
sambærilegar starfsheimildir og viðskiptabanki, sparisjóður
eða lánafyrirtæki. [Skattskylda þessi tekur einnig til aðila
sem setir slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002, um
fjármálafyrirtæki, þ.m.t. lögaðila sem héraðsdómur hefur úr-
skurðað að skuli tekinn til gjaldþrotaskipta.]¹⁾

□ Undanþegnir skattálagningu samkvæmt lögum þessum
eru:

a. fyrirtæki sem eru stofnuð samkvæmt sérstökum lögum
til að vera eign opinberra aðila að öllu leyti nema annars sé
getið í þeim lögum,

b. [Lögaðilar sem áður störfuðu sem viðskiptabankar eða
sparisjóðir, sbr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/
2002, en hafa fengið frumvarp að nauðasamningi samþykkt á
fundum sem boðaður hefur verið á grundvelli 2. málsl. 3. mgr.
103. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lagt
fram skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamnings fyrir
héraðsdómara skv. IX. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrota-
skipti o.fl.]²⁾

¹⁾ L. 139/2013, 18. gr. ²⁾ L. 107/2015, 3. gr.

■ 3. gr. Skattstofn.

□ Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er heildar-
skuldir skattskylds aðila [skv. 2. gr. umfram 50 milljarða
kr.]¹⁾ í lok tekjuárs.

□ Heildarskuldir skv. 1. mgr. eru skuldir, sbr. 75. gr. laga nr.
90/2003, um tekjuskatt, eins og þær eru tilgreindar á skatt-
framtali fjármálafyrirtækja samkvæmt þeim lögum.

□ Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir innan ein-
stakra liða eða flokka við útreikning á skattstofni.

□ [Skattstofn aðila sem fellur undir 3. málsl. 1. mgr. 2. gr.
er samtala viðurkenndra krafna umfram 50 milljarða kr. í bú
hans í lok ársins á undan álagningarári.]¹⁾

¹⁾ L. 139/2013, 19. gr.

■ 4. gr. Gjaldhlutfall.

□ Gjaldhlutfall sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er
[0,376%].¹⁾

¹⁾ L. 139/2013, 20. gr.

■ 5. gr. Álagning, eftirlit, kærur, innheimta og viðurlög.

□ Að öðru leyti en greinir í þessum lögum fer um álagningu,
eftirlit, kærur og innheimtu skatts samkvæmt ákvæðum laga
nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. IX.–XIV. kafla þeirra laga.
Varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla laganna.

■ 6. gr. Álagður skattur.

□ Skattur samkvæmt lögum þessum telst ekki rekstrarkostn-
aður skv. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

■ [6. gr. a.]

□ Skattkrafta á grundvelli laga þessara skal njóta rétt hæðar
skv. 3. tölul. 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti
o.fl., við slitameðferð eða gjaldþrotaskipti sama aðila.]¹⁾

¹⁾ L. 139/2013, 21. gr.

■ 7. gr. Reglugerðarheimild.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að mæla nánar fyrir um fram-
kvæmd laga þessara í reglugerð.

¹⁾ L. 126/2011, 537. gr.

■ 8. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við
álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010 og
skulda í lok þess árs. Lög þessi skulu koma til endurskoðunar
innan eins árs frá gildistöku þeirra.

[Ákvæði til bráðabirgða.]**■ I.**

□ [Við álagningu opinberra gjalda árin 2012 og 2013 skal
til viðbótar við sérstakan skatt samkvæmt lögnum greiða
0,0875% af skattstofni eins og hann er ákvarðaður í 3. gr.
Gjaldldagi viðbótarskattsins er 1. nóvember 2012 og 2013.
Greiða skal fyrir fram upp í álagðan viðbótarskatt 1. nóvem-
ber 2011 og 2012 og miðast sú greiðsla við skattstofn eins
og hann var í árslok 2010 og 2011 og það skatthlutfall sem
kveðið er á um samkvæmt ákvæði þessu.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 164/2011, 23. gr. ²⁾ L. 73/2011, 11. gr.

■ [II.]

□ Heimilt er að draga frá skattstofni skv. 3. gr. skuldir skatt-
skylds aðila sem nemur heildarfjárhæð bindingarfjárhæða
samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III í lögum um gjalddeyr-
ismál.]¹⁾

¹⁾ L. 42/2016, 7. gr.